

## **D Ó M U R**

**Héraðsdóms Reykjavíkur 21. apríl 2008 í máli nr. E-919/2007:**

**Halldór Kristjánsson**

*(Guðmundur Birgir Ólafsson hrl.)*

**gegn**

**Skálpa ehf.**

*(Jóhann Haukur Hafstein hdl.)*

Mál þetta, sem höfðað var 31. janúar 2007, var dómtekið var 29. febrúar sl.

Stefnandi er Halldór Kristjánsson, Bakkastöðum 3 a, Reykjavík

Stefndi er Skálpi ehf., Tunguhálsi 8, Reykjavík.

### **Dómkröfur**

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði honum vangoldin laun og bætur að fjárhæð 1.607.384 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2002 frá 1. desember 2006 til greiðsludags. Þess er krafist að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti.

Þá er krafist málskostnaðar samkvæmt mati dómsins. Krafist er vaxta af málskostnaði samkvæmt III. kafla vaxtalaga frá 15. degi eftir uppkvaðningu dóms til greiðsludags. Einnig er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði þar sem stefnandi er ekki virðisaukaskattskyldur.

Stefndi krefst þess að verða sýknaður af kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi.

### **Málavextir**

Málavextir eru þeir að Afþreyingarfélagið ehf. og Fjallamenn ehf. stofnuðu sameiginlega hið stefnda félag, Skálpa ehf., í febrúar 2006. Samkvæmt stofnskrá

félagsins er tilgangur þess rekstur ferðaskrifstofu, ferðaþjónustu o.fl. Við stofnun hins stefnda félags voru gerðir tveir kaupsamningar um kaup á eignum og rekstri stofnfélaganna, dags. 17. febrúar 2006. Í samningum þessum er kveðið á um að stefndi lofi að kaupa eignir og rekstur Fjallamanna ehf. annars vegar og hins vegar Afþreyingarfélagsins ehf. án nokkurra kvaða eða veðbanda. Hið selda var m.a. rekstur, viðskiptavild, nafn, vörumerki, innréttingar, tæki og lagerbirgðir. Vegna þessara fjárskuldbindinga stefnda gaf félagið m.a. út skuldabréf að fjárhæð 49.000.000 króna til Afþreyingarfélagsins ehf.

Stefnandi hóf störf sem framkvæmdarstjóri hjá stefnda, Skálpa ehf, þann 1. mars 2006. Mánaðarlaun stefnanda voru, samkvæmt launaseðlum, 500.000 krónur. Stefnanda var sagt upp störfum með uppsagnarbréfi, dags. 21. september 2006, þar sem frekara vinnuframlagi stefnanda var hafnað. Ekki voru tilgreindar ástæður uppsagnar í bréfinu. Stefnandi kveðst ekki hafa fengið greidd laun vegna september 2006. Þá hafi laun í uppsagnarfresti ekki verið greidd. Gerir stefnandi í máli þessu kröfu til þess að fá vangreidd laun.

Í bréfi stefnda, dags. 26. september 2006, er því haldið fram að stefnandi hafi í heimildarleysi ráðstafað umtalsverðum fjárhæðum með 12 millifærslum af bankareikningi stefnda, samtals að fjárhæð 9.367.972 krónur. Gerir stefndi alvarlegar athugasemdir við millifærslur af bankareikningi í eigu félagsins sem rekja megi til ráðstafana af hálfu stefnanda. Hreyfingalisti yfir viðskiptamenn og lánardrottna stefnda sýni að stefnandi hafi millifært verulega fjármuni af reikningnum félagsins. Hafi þessir fjármunir verið færðir inn á persónulega reikninga í eigu stefnanda. Þá hafi stefnandi einnig fyrirframgreitt sér laun. Stefnandi kveðst ekki kannast við að hafa heimilað þessar ráðstafanir.

Með bréfi, dags. 26. september 2006, óskaði stefndi eftir skýringum frá stefnanda á því í hvaða tilgangi framangreindar greiðslur fóru fram og hvaða heimildir stefnandi hafði fyrir þeim.

Af hálfu stefnda voru skýringar gefnar á framangreindum millifærslum í bréfi stefnanda, dags. 4. október 2006. Kemur þar fram að hluti framangreindra millifærslna hafi verið fyrirframgreidd laun sem sannanlega hafi verið dregin af stefnanda við uppgjör launa fyrir hvern mánuð sem millifærslur höfðu átt sér stað. Þá segir að millifærslur, dags. 15., 23., og 24. ágúst 2006, samtals 8.000.000 krónur, hafi verið hluti af fyrstu afborgun skuldabréfs sem stefndi, Skálpi ehf., hafi gefið út til Afþreyingarfélagsins ehf. vegna kaupa á tækjum.

Í svarbréfi stefnda til stefnanda, dags. 17. október 2006, var stefnanda greint frá því að áðurgreindar skýringar á millifærslum hans þættu haldlausar og ekki til þess fallnar að réttlæta umræddar færslur af bankareikningi félagsins. Í bréfinu var þess jafnframt farið á leit við stefnanda að hann myndi greiða til baka þá fjármuni sem hann hafði dregið sér sem framkvæmdastjóri hins stefnda félags.

VR sendi stefnda kröfubréf f.h. stefnanda þann 20. október 2006. Þar var skorað á stefnda að koma greiðslu eða skriflegri greinargerð til skrifstofu VR vegna launakrafna stefnanda. Með svarbréfi frá stefnda, dags. 3. nóvember 2006, var því hafnað að greiða þá fjárhæð sem krafa VR tók til. Var vísað til þess að stefnandi hefði brotið gróflega af sér í starfi sem framkvæmdastjóri hins stefnda félags á því tímabili er hann starfaði sem slíkur.

Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi misfarið með fé stefnda þegar hann gegndi stöðu framkvæmdastjóra hjá félaginu. Ekkert hafi verið greitt af áðurnefndu skuldabréfi líkt og stefnandi haldi fram. Engin önnur úrræði hafi verið tæk en að rifta ráðningarsamningi við stefnanda umsvifalaust.

Stefnandi höfðaði mál þetta með stefnu þingfestri 8. febrúar 2007. Stefndi mótmælir öllum kröfum og málsástæðum stefnanda. Stefndi krefst sýknu þar sem ekki sé á nokkurn hátt unnt að verða við kröfu stefnanda um greiðslu launa fyrir starf sitt í septembermánuði 2006 og í uppsagnarfresti, sem og öðrum kröfufliðum sem málsókn hans taki mið af.

Stefndi tekur fram að svo virðist sem allar færslur stefnanda séu ekki komnar upp á yfirborðið. Vegna þessa hafi stefndi kært stefnanda til lögreglunnar í Reykjavík með kæru, dags. 21. desember 2006, vegna meints fjárdráttar og svika stefnanda gagnvart stefnda.

### **Málsástæður stefnanda og lagarök**

Stefnandi byggir kröfur sínar á því að honum hafi verið sagt upp störfum þann 21. september 2006 og vinnuframlagi hans á uppsagnarfresti alfarið hafnað. Þar sem stefnandi hafði starfað lengur en 6 mánuði hjá stefnda sé uppsagnarfrestur 3. mánuðir. Samkvæmt grein 12.1. í kjarasamningi VR og Samtaka atvinnulífsins eigi stefnandi því kröfu til launa til loka uppsagnarfrests þann 31. desember 2006.

Ásakanir sem fram komi í bréfi, dags. 26. september 2006, hafi stefndi byggt á því að stefnandi hefði í heimildarleysi millifært fyrrgreindar upphæðir af reikningi stefnda. Ásökunum þessum hafi verið svarað með bréfi, dags. 4. október, og þeim alfarið hafnað enda hafi allar ráðstafanir stefnanda verið gerðar með hagsmuni stefnda að leiðarljósi og með fullri vitneskju og vilja forsvarsmanna stefnda. Allar athafnir stefnanda hafi falið í sér rekstrarforsendur hins nýstofnaða félags.

Einhlíða tilkynning, sem fram komi í bréfi, dags. 3. nóvember 2006, um að stefndi ætli sér ekki að greiða stefnanda laun í uppsagnarfresti, þrátt fyrir innheimtutilraunir stefnanda, hafi því verið ólöglegt, enda hafi viðhlítandi skýringar verið gefnar vegna fyrrgreindra millifærslna og því hafi enginn grundvöllur verið fyrir ásökunum stefnda og því síður vanefndum á greiðslum launa á uppsagnarfresti.

Fyrirvaralaus uppsögn á starfskröftum stefnanda hafi verið ólöglegt enda hafi stefnandi ekki gerst brotlegur í starfi sem réttlætti fyrirvaralaus uppsögn. Stefndi geri kröfu til launa vegna september 2006 og launa í uppsagnarfresti vegna október, nóvember og desember 2006.

Einnig sé gerð krafa um vangoldið orlof vegna starfstíma stefnanda frá 1. mars 2006 til og með desember 2006, en samkvæmt grein 4.3 í samningi VR og samtaka atvinnulífsins skal orlofsréttur að lágmarki vera 24 dagar, eða 2 dagar á mánuði. Starfstími stefnanda hafi verið 10 mánuðir og sé því krafist 20 daga orlofs (500.000/21,67 x 20 dagar). Vangoldið orlof sé því samtals 461.467 krónur, auk

desember- og orlofsuppbótar samkvæmt kjarasamningi en það sé reiknað í hlutfalli við starfstíma.

Krafan sundurliðast sem hér segi:

Laun vegna september 2006	500.000 kr.
Laun vegna október 2006	500.000 kr.
Laun vegna nóvember 2006	500.000 kr.
Laun vegna desember 2006	500.000 kr.
20 daga orlof 1. mars til 31. desember 2006	461.467 kr.
Orlofsuppbót 2006	11.267 kr.
Desemberuppbót 2006	34.650 kr.
<b>Höfuðstóll</b>	<b>2.507.384 kr.</b>

Við munnlegan flutning málsins lækkaði stefnandi kröfu sína um 900.000 krónur vegna yfirlýsingar stefnanda fyrir dómi um tekjur sem hann hefði haft frá öðrum aðilum í uppsagnarfresti.

Stefnandi kveður málshöfðun þessa nauðsynlega þar sem innheimtutilraunir hafi reynst árangurslausar, sbr. bréf frá Verzlunannanafélags Reykjavíkur, dags. 20. október 2006, og bréf frá Guðmundi B. Ólafssyni hrl., dags. 30. nóvember 2006.

Kröfur sínar styður stefnandi við lög um orlof nr. 30/1987, samningalög nr. 7/1936, meginreglur kröfuréttar, meginreglur vinnuréttar, kjarasamninga Verzlunannanafélags Reykjavíkur og vinnuveitenda, og bókanir sem teljist hluti kjarasamninga.

Kröfur um dráttarvexti og vaxtavexti styður stefnandi við reglur m. kafla vaxtalaga nr. 38/2001.

Kröfur um málskostnað styður stefnandi við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 sbr. 129. gr. 4. tl. um vexti af málskostnaði. Einnig er krafist virðisaukaskatts af málskostnaði þar sem stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyldur.

**Málsástæður stefnda og lagarök**

Stefndi reisir málatilbúnað sinn aðallega á því að félaginu hafi verið heimilt að rifta ráðningarsamningi við stefnanda án þess að greiða honum laun í uppsagnarfresti þar sem stefnandi hafi brotið gróflega gegn starfsskyldum sínum. Ljóst sé að stefnandi hafi misfarið með fjármuni stefnda með þeim hætti að um verulegar vanefndir hafi verið að ræða sem réttlæti fyrirvaralausar riftun ráðningarsamnings án frekari aðvörunar. Með athæfi sínu hafi stefnandi fyrirgert rétti sínum til frekari launagreiðslna og hafi gefið stefnda fullt tilefni til að vantreysta sér svo verulega að engin önnur úrræði hafi verið tæk en að víkja honum fyrirvaralaust úr starfi með því að rifta ráðningarsamningi hans.

Stefndi vísar einkum til þess að stefnandi hafi dregið sér fjármuni félagsins á grundvelli stöðuumboðs síns, án þess þó að hafa haft til þess heimild. Komi þessar færslur glögglega fram á yfirliti yfir hreyfingalista vegna viðskiptamanna og lánardrottna. Þar komi fram að stefnandi hafi, að minnsta kosti, greitt 8.000.000 króna af reikningi stefnda á tímabilinu 15.-24. ágúst 2006. Með bréfi lögmanns stefnanda, dags. 4. október 2006, hafi þær skýringar verið gefnar á þessum ráðstöfunum að um væri „að ræða hluta af fyrstu afborgunum af skuldabréfi því, er Skálpi ehf. gaf út til Afþreyingarfélagsins ehf. vegna kaupa á tækjum“, eins og það sé orðað í bréfi lögmannsins. Í ljós hafi hins vegar komið að ekkert hafi verið greitt af nefndu skuldabréfi sem stefndi hafi gefið út sem greiðslu er félagið keypti rekstur, viðskiptavild, nafn og vörumerki, innréttingar, tæki og lagerbirgðir Afþreyingarfélagsins ehf., sbr. kaupsamning dags. 17. febrúar 2006. Óljóst sé því með hvaða hætti stefnandi hafi ráðstafað umræddri fjárhæð. Útskýringar stefnanda að þessu leyti séu því haldlausar. Þá hafði stefnandi ekki haft heimild til þessara gerninga og brjóti þeir gegn lögum nr. 138/1994 um einkahlutafélög, einkum 2. mgr. 44. gr. laganna, en þar sé kveðið á um valdsvið framkvæmdastjóra félags og til hvaða ráðstafana hinn daglegi rekstur taki. Ljóst sé að þessir heimildalausar gerningar stefnanda hafi brotið í bága við tilgreint ákvæði, enda hafi hann, í störfum sínum sem framkvæmdastjóri, verið kominn langt út fyrir þau mörk sem hinn daglegi rekstur félagsins taki til.

Afþreyingarfélagið ehf., nú Ferðalok ehf., hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta. Til stuðnings framangreindri umfjöllun um misfærslur stefnanda vísar stefndi til þess að skiptastjóri þrotabúsins hafi alfarið hafnað því að greitt hafi verið af höfuðstól bréfsins þar sem hvorki hafi verið gefnar út kvittanir vegna þessa né hafi verið ritað aftan á bréfið um afborgun.

Í öðru lagi hafi stefnanda borið að fara með fjármuni félagsins í samræmi við þær heimildir sem hann hafði sem framkvæmdastjóri þess. Eins og áður segi, hafi ekkert verið greitt af nefndu skuldabréfi. Ef sú væri raunin, líkt og stefnandi hafi haldið fram, sé ljóst að slík háttsemi væri með öllu óheimil enda til þess fallin að hygla ákveðnum kröfuhöfum og ganga á rétt annarra hluthafa stefnda. Framkvæmdastjóri félags megi ekki gera nokkrar þær ráðstafanir sem bersýnilega séu fallnar til þess að afla ákveðnum hluthöfum, eða öðrum, ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra hluthafa eða félagsins, sbr. 51. gr. laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög. Þá vísar stefndi enn fremur til þess að samkvæmt 3. mgr. 6. gr. kaupsamnings milli stefnda og Afþreyingarfélagsins ehf. skyldu kröfur, sem viðskiptamenn síðarnefnda félagsins kynnu að eiga á hendur því, vera stefnda óviðkomandi. Sú skýring stefnanda, að hann hafi þurft að ganga frá skuldum Afþreyingarfélagsins ehf. við ákveðna kröfuhafa og undirverktaka, sé því með öllu

ótæk. Þar sem Afþreyingarfélagið ehf. hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta, á þeim tíma er umræddar færslur með fjármuni stefnda áttu sér stað, hafi stefnandi jafnframt verið að mismuna kröfuhöfum og hluthöfum með ólögmetum hætti, enda eigi Afþreyingarfélagið ehf. 50% hlutafjár í Skálpa ehf. og hafi stefnandi einnig verið í fyrirsvari fyrir það félag.

Þar sem um verulega vanefnd á ráðningarsamningi hafi verið að ræða eigi tilvísanir stefnanda til ákvæða í 12. kafla kjarasamnings milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur, nú VR, og Samtaka atvinnulífsins um uppsagnarfrest ekki við í málinu. Í ákvæði 12.1. segi beinlínis að tilvitnuð uppsagnarákvæði gildi ekki ef starfsmaður sýni vítaverða vanrækslu í starfi sínu. Þær veigamiklu misfærslur sem stefnandi hafi viðhaft í starfi sínu sem framkvæmdastjóri hjá stefnda falli klárlega undir þetta frávik frá reglum 12. kafla kjarasamningsins um uppsagnarfrest.

Þeirri staðhæfingu, sem fram komi í stefnu, um að allar umdeildar ráðstafanir stefnanda með fjármuni stefnda hafi verið með fullri vitneskju og vilja forsvarsmanna stefnda sé harðlega mótmælt sem rangri og ósannaðri. Beri stefnandi sönnunarbyrðina í þeim efnum og hafi hann ekki lagt fram nein gögn því til stuðnings að forsvarsmenn stefnda hafi haft vitneskju um misfærslur hans.

Þá sé því jafnframt mótmælt sem röngu að líta megi svo á að allar athafnir stefnanda hafi verið rekstrarförsendur hins stefnda félags. Í fyrsta lagi hafi stefnandi ekki greitt neitt af áðurgreindu skuldabréfi sem stefndi gaf út. Í öðru lagi hafi kröfur, sem viðskiptamenn Afþreyingarfélagsins ehf. kynnu að eiga á hendur félaginu, átt að vera hinu stefnda félagi með öllu óviðkomandi, sbr. 3. mgr. 6. gr. framangreinds samnings aðila.

Með vísan til þess sem að framan sé rakið um hin stórfelldu brot stefnanda geti hann ekki átt kröfu á hendur stefnda vegna ógreiddra launa sem og launa í uppsagnarfresti, enda sé um ólögmeti háttsemi að ræða sem réttlæti, án nokkurs vafa, fyrirvaralausán brottrekstur úr starfi og riftun ráðningarsamnings.

Öllum einstökum liðum dómkröfu stefnanda sé mótmælt. Verði ekki fallist á sýknu sé þess krafist að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega.

Verði ekki fallist á að stefnandi hafi fyrirgert rétti sínum til frekari greiðslna, þar sem hann hafi gróflega brotið gegn starfsskyldum sínum og misfarið með fjármuni stefnda, sé á því byggt af hálfu stefnda að allar kröfur hans á hendur stefnanda komi til skuldajafnaðar. Þannig liggi fyrir að stefnandi hafi greitt að minnsta kosti 8.000.000 króna af reikningi stefnda á tímabilinu 15.-24. ágúst 2006, án þess að fyrir liggi með hvaða hætti þeim fjármunum hafi verið ráðstafað. Skýringar stefnanda í þeim efnum, að um væri að ræða fyrstu afborgunum af skuldabréfi því, er hið stefnda félag gaf út til Afþreyingarfélagsins ehf., eigi ekki við rök að styðjast, sbr. það sem áður sé rakið varðandi afborganir af bréfinu. Vegna þessa beri að skuldajafna þeirri fjárhæð við dómkröfu stefnanda og þar af leiðandi að sýkna stefnda.

Í öðru lagi beri að draga frá þau laun sem stefnandi hafi greitt sér fyrirfram þegar hann starfaði sem framkvæmdastjóri hjá stefnda. Með bréfi lögmanns stefnda, dags. 26. september 2006, hafi verið óskað eftir skýringum á tilteknum færslum af reikningi stefnda sem framkvæmdar hafi verið af stefnanda. Með svarbréfi

lögmanns stefnanda, dags. 4. október 2006, hafi þær skýringar meðal annars verið gefnar að stefnandi hefði fyrirframgreitt sér laun að fjárhæð 320.558 krónur, þ.e. samtala sundurliðaðra færslna nr. 4, 5, 6, 9, 10, 11 og 12. Af framlögðum launaseðlum stefnanda verði hins vegar ráðið að frádráttur vegna fyrirframgreiddra launa sé 287.200 krónur. Beri því að draga frá dómkröfu stefnanda mismun á framangreindum fjárhæðum, eða kr. 33.358 krónur.

Í þriðja lagi beri að draga frá dómkröfu stefnanda fjárhæð sem sé samtala orlofslauna vegna þeirra orlofsdaga er stefnandi nýtti í starfi sínu sem framkvæmdastjóri stefnda. Skorað sé á stefnanda að upplýsa um hversu marga orlofsdaga hann hafi nýtt á tímabilinu 1. mars 2006 til og með 21. september sama ár. Þá sé kröfu um orlofs- og desemberuppbót mótmælt sérstaklega.

Í fjórða lagi sé dráttarvaxtakröfu stefnanda mótmælt í heild sinni. Bent sé sérstaklega á að ekki sé unnt að krefjast dráttarvaxta vegna ógreiddrar desemberuppbótar fyrr en í fyrsta lagi frá og með 15. desember 2006, sbr. á kvæði 1.3 í kjarasamningi milli Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins og III. kafla laga nr. 138/2001 um vexti og verðtryggingu.

Loks beri að draga frá laun sem stefnandi kunni að hafa fengið frá öðrum atvinnurekanda eða vegna sjálfstæðs reksturs á tímabilinu 1. október 2006-31. desember 2006.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna vinnuréttar, kröfuréttar og samningaréttar, laga nr. 138/1994 um einkahlutafélög, laga um orlof nr. 30/1987 og kjarasamnings Verzlunarmannafélags Reykjavíkur og Samtaka atvinnulífsins. Krafa um málskostnað styðjist við 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991.

## **Niðurstaða**

Stefnandi starfaði sem framkvæmdastjóri hjá stefnda frá 1. mars 2006. Hinn 21. september 2006 sendi stefndi stefnanda uppsagnarbréf. Sagði í bréfinu að uppsögnin tæki gildi þá þegar og var ekki óskað eftir frekara vinnuframlagi stefnanda. Ekki var í bréfinu tilgreind ástæða uppsagnar.

Í máli þessu ber stefndi fyrir sig að honum hafi verið heimilt að rifta fyrirvaralaust ráðningarsamningi við stefnanda, án þess að greiða honum laun í uppsagnarfresti, þar sem stefnandi hafi gróflega brotið starfsskyldur sínar og hafi misfarið með fjármuni stefnda. Hann hafi dregið sér fjármuni stefnda á grundvelli stöðuumboðs síns, án þess að hafa haft til þess heimild. Er vísað til þess að stefnandi hafi, á tímabilinu 16.-24. ágúst 2006, greitt að minnsta kosti 8.000.000 króna af reikningi stefnda. Hafi stefnandi gefið þá skýringu að um væri að ræða fyrstu afborgun af skuldabréfi sem stefndi hafi gefið út til Afþreyingarfélagsins ehf. vegna kaupa á tækjum. Hins vegar hafi komið í ljós að ekkert hafi verið greitt af tilgreindu skuldabréfi.

Eins og rakið er hér að framan stofnuðu Afþreyingarfélagið ehf. og Fjallamenn ehf. sameiginlega hið stefnda félag, Skálpa ehf., í febrúar 2006. Samkvæmt stofnskrá félagsins er tilgangur þess rekstur ferðaskrifstofu, ferðaþjónustu o.fl. Við stofnun hins stefnda félags voru gerðir tveir kaupsamningar um kaup á eignum og rekstri stofnfélaganna, dags. 17. febrúar 2006. Í samningum þessum er kveðið á um að stefndi lofi að kaupa eignir og rekstur Fjallamanna ehf. annars vegar og hins vegar Afþreyingarfélagsins ehf. án nokkurra kvaða eða veðbanda. Hið selda var m.a. rekstur, viðskiptavild, nafn, vörumerki, innréttingar, tæki og lagerbirgðir. Vegna þessara fjárskuldbindinga stefnda gaf félagið m.a. út umrætt skuldabréf að fjárhæð 49.000.000 króna til Afþreyingarfélagsins ehf.

Stefnandi bar fyrir dómi að hann hefði verið framkvæmdastjóri stefnda. Hann var á sama tíma einnig framkvæmdastjóri Afþreyingarfélagsins ehf. Hann bar varðandi uppsögn sína að Guðni Halldórsson stjórnarformaður og Herbert Hauksson hafi komið til sín með uppsagnarbréfið. Hafi þeir látið að því liggja að millifærslur að fjárhæð um 8.000.000 króna þörfnuðust nánari skýringa.

Fyrir liggur að stefnandi fæði af bankareikningi stefnda inn á sinn persónulega reikning 8.000.000 króna. Bar hann fyrir dómi að fyrir hafi legið að greiða ætti af skuldabréfi því sem stefndi hafði gefið út til Afþreyingarfélagsins ehf. 15. ágúst 2006. Bar stefnandi að Afþreyingarfélagið ehf. hafi verið illa statt fjárhagslega og hafi verið á leiðinni í þrot. Hafi þurft að gera upp við ákveðna kröfuhafa Afþreyingarfélagsins ehf., t.d. Tryggingamiðstöðina ehf., til þess að tryggja framgang Skálpa. Afþreyingarfélagið ehf. hafi verið með tæki og tól á kauplegu frá SP fjármögnun hf. og hafi þeir neitað að yfirfæra kaupleiguna á Skálpa nema skuld Afþreyingarfélagsins ehf. yrði gerð upp. Þessar greiðslur, sem fram hafi komið hvert fóru, hafi verið greiddar með hagsmuni Skálpa að leiðarljósi,

Stefnandi bar fyrir dómi að hann hefði notað eigin reikning af því að Afþreyingarfélagið ehf. hafi verið komið í þrot og komið með mikinn yfirdrátt í sínum viðskiptabanka þannig að ef þessir peningar hefðu farið inn á reikning félagsins hefðu þeir ekki getað farið til greiðslu þessara skulda. Kveðst stefnandi ekki haft neina persónulega hagsmuni af þessum ráðstöfunum.

Stefnandi bar að öllum hafi verið ljóst að það átti að greiða af umræddu skuldabréfi. Bréfið hafi verið í vörslu stefnda og hafi hann ekki séð neina annmarka á því að framkvæma færslurnar með þessum hætti þar sem stefndi hafi hagnast á þessum ráðstöfunum.

Herbert Hauksson fjármálastjóri Skálpa bar fyrir dómi að honum hefði ekki litist á blikuna þegar stefnandi hefði fært fjármuni stefnda inn á sinn persónulega reikning og greitt með þeim skuldir Ferðaloka ehf, áður Afþreyingarfélagsins ehf. Stefnandi hafi haldið því fram að stefndi skuldaði þetta en hann hafi ekkert haft með umrætt skuldabréf að gera. Búið hafi verið að taka Afþreyingarfélagið ehf. til gjaldþrotaskipta og hafi verið ljóst að greiðslan hafi átt að fara til skiptaráðanda búsins. Kvaðst Herbert hafa leitað sér ráðgjafar vegna þessa og hafi sér verið tjáð að þessar greiðslur gætu ekki staðist og væri um fjárdrátt að ræða og augljóslega um brot af hálfu stefnanda í starfi að ræða. Þeir aðilar sem stefnandi greiddu hefðu átt að leita til skiptastjóra um greiðslu á kröfum sínum á hendur Afþreyingarfélaginu ehf. Stefnandi hafi ekkert haft með Afþreyingarfélagið ehf. að

gera eins og komið var. Eina skuld stefnda við Afþreyingarfélagið ehf. hafi verið samkvæmt umræddu skuldabréfi.

Samkvæmt kaupsamningi milli stefnda og Afþreyingarfélagsins, dags. 17. febrúar 2006, og áður er vikið að, skyldi kaupverð fyrir tæki og rekstur Afþreyingarfélagsins ehf. greiðast með tveimur skuldabréfum. Með skuldabréfi til sex og mánaða og síðan með skuldabréfi að fjárhæð 49.000.000 króna. Í kaupsamningnum er tekið fram að kröfur sem viðskiptamenn seljanda, þ.e. Afþreyingarfélagsins ehf., kunna að eiga á hendur félaginu vegna viðskipta fram að undirritun kaupsamningsins séu kaupaanda, þ.e. stefnda, með öllu óviðkomandi.

Upplýst er að umdeildar greiðslur sem stefnandi innti af hendi fyrir hönd stefnda fóru ekki til greiðslu á umræddu skuldabréfi heldur til greiðslu á skuldum Afþreyingarfélagsins ehf., nú Ferðalokum ehf., sem voru stefnda með öllu óviðkomandi, sbr. nefndan kaupsamning. Stefnanda mátti sem framkvæmdastjóra Afþreyingarfélagsins ehf., vera ljóst að bú félagsins hafði verið tekið til gjaldþrotaskipta og að greiðslum vegna skuldabréfsins yrði því að beina til skiptaráðanda, sem fór með fjármál Afþreyingarfélagsins ehf. á umræddum tíma, ef vilji hans stóð til þess að greiða af skuldabréfinu fyrir stefnda. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á þessar ráðstafanir hans hafi verið framkvæmdar með vitund og vilja annarra stjórnarmanna stefnda. Þykir sýnt fram á að stefnandi hafi með umræddum ráðstöfunum sínum brotið gróflega af sér í starfi. Telst fyrirvaralaus uppsögn hans úr starfi því réttmæt. Er fallist á að stefnandi hafi með framferði sínu fyrirgert öllum rétti til launa í uppsagnarfresti og ber því að sýkna stefnda af kröfum stefnanda um laun í uppsagnarfresti.

Stefnandi krefst launa fyrir septembermánuð 2006. Eins og áður greinir kom uppsögn hans ekki til fyrr en 21. september 2006. Samkvæmt framlögðum launaseðlum liggur fyrir að laun stefnanda voru 500.000 krónur á mánuði. Hefur ekki verið sýnt fram á að laun fyrir septembermánuð 2006 hafi verið greidd. Ber að fallast á kröfu stefnanda um laun fyrir septembermánuð 2006, en einungis fyrir þá daga sem hann vann. Laun fyrir þann tíma teljast nema 350.000 krónum og ber stefnanda að fá þá fjárhæð greidda.

Stefnandi gerir kröfu um vangoldið orlof fyrir tímabilið 1. mars 2006 til og með desember 2006 að fjárhæð 461.467 krónur. Stefnandi heldur því fram að hann hafi ekki tekið sér orlofsdaga þann tíma sem hann vann hjá stefnda. Stefnda hefur ekki tekist að sýna fram á þessi fullyrðing stefnanda eigi ekki við rök að styðjast og ber að fallast á að stefnandi eigi rétt á greiðslu fyrir laun í orlofi. Fyrir liggur hins vegar, sbr. það sem áður segir, að starfstíma stefnanda lauk 21. september 2006. Samkvæmt gr. 4.1. í kjarasamningi aðila skal lágmark orlofs vera 24 dagar. Stefnandi krefst greiðslu orlofs vegna 20 daga. Með hliðsjón af starfstíma stefnanda telst orlof hins vegar vera 14 dagar. Ber stefnanda að fá greidd laun í orlofi sem því nemur eða 323.027 krónur.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um orlofsuppbót 2006 og desemberuppbót 2006 en rökstyður þau mótmæli ekki frekar. Byggist krafan á því að stefnandi eigi rétt til launa fram í desember 2006. Þeirri kröfu stefnanda er hafnað, sbr. það sem áður er rakið. Miðað við að stefnandi hætti störfum 21. september 2006 er fallist á að honum beri, með hliðsjón af framlögðum útreikningi VR, sem ekki hefur verið hnekkt, orlofsuppbót að fjárhæð 7.042 krónur og desemberuppbót að fjárhæð

26.950 krónur.

Stefndi byggir á því að samkvæmt framlögðum launaseðlum hafi stefnandi ekki dregið frá að fullu fyrir fram greidd laun sín og beri því að draga frá kröfu stefnanda 33.358 krónur. Byggir stefndi þessa kröfu á samanburði launaseðla og skýringa sem stefnandi gaf í bréfi lögmanns hans, 4. október 2006. Stefnandi hefur ekki mótmælt þessari málsástæðu sérstaklega. Séu þessi gögn borin saman kemur í ljós að þessi mismunur er 13.358 krónur. Eftir atvikum ber því að fallast á að þessa fjárhæð beri að draga frá kröfum stefnanda.

Samkvæmt framansögðu ber stefnda því að greiða stefnanda 693.661 krónu. Fallist er á kröfu stefnanda um dráttarvexti frá 1. október 2006.

Stefndi gerir kröfu til þess að þar sem stefnandi hafi gróflega brotið starfsskyldur sínar og misfarið með fé stefnda þá komi kröfur stefnanda í máli þessu til skuldajafnaðar við kröfu stefnda sem nemi a.m.k. 8.000.000 króna. Stefnandi hefur ekki sýnt fram á í máli þessu að hann eigi fjárkröfu á hendur stefnanda vegna brots hans í starfi og hefur slík krafa ekki fengið umfjöllun í málinu. Þá er á það bent að samkvæmt 1. gr. laga nr. 28/1930 um greiðslu verkkaups er óheimilt að greiða laun með skuldajöfnuði nema svo hafi áður verið sérstaklega samið um. Ber því að hafna kröfu stefnda um skuldajöfnuð.

Eftir þessari niðurstöðu málsins ber stefnda einnig að greiða stefnanda málskostnað sem ákveðst 350.000 krónur.

Kristjana Jónsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

## **D Ó M S O R Ð**

Stefndi, Skálpi ehf., greiði stefnanda, Halldóri Kristjánssyni, 693.661 krónu með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. 1. nr. 38/2001 frá 1. október 2006 til greiðsludags og 350.000 krónur í málskostnað.

Kristjana Jónsdóttir

